

Skýrsla stjórnar Skýrslutækni Íslands fyrir starfsárið 2008-2009

Flutt á aðalfundi félagsins 12. febrúar 2009

40. starfsár

Nýliðið starfsár var um margt erfiðara en síðustu ár. Árið byrjaði ágætlega en þegar fór að líða á árið fór að draga úr þátttöku í viðburðum hjá félaginu og varð að aflýsa þremur viðburðum á liðnu hausti. Ljóst var að vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu var hefðbundið form á viðburðum ekki að ganga. Við þessu var brugðist með því að bjóða uppá fleiri styttri og ódýrari viðburði og hafa viðtökur verið ágætar. Helstu markmið stjórnar Skýrslutækni Íslands á nýliðnu ári voru sem fyrr að halda úti öflugri og faglegri starfsemi á sviði upplýsingatækni, m.a. með ráðstefnuhaldi og fræðslustarfsemi, jafnframt því að reka félagið með hagnaði. Þessi markmið náðust því miður ekki á árinu 2008, enda árið í heild sinni mjög erfitt í íslensku þjóðfélagi. En tími samdráttar opnar oft ný tækifæri og er það verkefni nýrrar stjórnar að finna og nýta sér þau tækifæri.

Í mars sl. varð félagið 40 ára og var þeirra tímamóta minnst með hanastéli þann 28. mars sl. á Hilton Nordica hótelinu. Öllum félögum Ský var boðið þangað ásamt vinum og velunnurum félagsins og mættu þar nálægt 500 manns.

Fjöldi félagsmanna á sl.ári fækkaði úr 886 í 790 eða um 12%. Það er verkefni nýrrar stjórnar að fjölga félögum á komandi starfsári og hefur nú, þegar þessi aðalfundur er haldinn verið stofnaður nýr faghópur um „Rafræna opinbera stjórnsýslu“ og voru 50 manns skráðir í hópinn. Einnig er stefnt að því að stofna faghóp ritara í upplýsingatækni síðar á þessu ári.

Í stjórn Skýrslutækni Íslands sátu árið 2008:

Magnús Hafliðason, Síminn hf., formaður
Sigrún Gunnarsdóttir, Velvakandi ehf., varaformaður
Ragnheiður H. Magnúsdóttir, meðstjórnandi og ritari
Ásrún Matthíasdóttir, Háskólinn í Reykjavík, meðstjórnandi
Bjarni Sigurðsson, Póst og fjarskiptastofnun, meðstjórnandi
Jón Heiðar Þorsteinsson, Kaupþing hf., meðstjórnandi
Jóhann Kristjánsson, Xirena ehf., varamaður og gjaldkeri
Svana Helen Björnsdóttir, Stiki ehf., varamaður

Stjórnin hélt 12 bókaða stjórnarfundum auk fjölda vinnufunda bæði innan stjórnar, með nefndum félagsins og tengdum aðilum af ýmsu tilefni.

1. Ráðstefnur og fundir

Félagið stóð fyrir samtals 19 atburðum á árinu. Haldnar voru fimm ráðstefnur og þrjár hádegisverðarfundir auk þess var bryddað upp á þeirri nýjung að halda örnámskeið sem nefnd eru „Á leið heim“ og eru þau haldin á tímanum 16:30 – 18:00. Þessu formi hefur verið vel tekið og munum við halda þeim áfram á þessu ári. Þá stóð Öldungadeild félagsins fyrir veglegri sýningu í Þjóðarbókhöðunni sem var um miðtölvutímabilið frá 1978 – 1998 og vil ég þakka öldungadeildinni fyrir framlag þeirra og þá alveg sérstaklega þeim Sigurði Bergsveinssyni og Þorsteini Hallgrímssyni.

Faghópar voru mjög virkir við ráðstefnu- og fundahöld. Aðrir viðburðir félagsins voru minna sóttir en við var búist og varð eins og áður sagði að aflýsa þremur viðburðum, þar með talið jólaráðstefnu félagsins. Þótti stjórn þetta mjög miður. Teljum við að ástæður minni aðsóknar skrifist á breyttar aðstæður í þjóðfélaginu. Alls tóku um 1.400 manns þátt í atburðum félagsins.

2. Tímaritið Tölvumál og vefurinn

Ritstjórn hélt 16 fundi á liðnu ári. Tölvumál kom út á pappír í febrúar 2008 og í nóvember 2008. Fyrra blaðið var mjög veglegt og var afmælisrit félagsins. Allar greinar blaðanna eru frumsamdar. Fyrrum formaður ritnefndar og stjórnarmaður Ský, Einar H. Reynis, hefur síðan séð til þess að nýjar fréttir úr upplýsingatæknigeiranum birtast daglega á vef félagsins sem er mjög þakkarvert og félaginu til mikils sóma og gerir vefinn áhugaverðari. Þá var ný útgáfa af vef félagsins sett í loftið á haustdögum.

3. Faghópar

Faghópar Ský eru:

- Faghópur um árangursríka vefstjórn, formaður er Þórlaug Ágústsdóttir, félagar eru 31
- Fókus, félag um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, formaður er Valgerður Gunnarsdóttir, félagar eru 82
- Öldungadeild, formaður er Jóhann Gunnarsson, félagar eru 34
- UT-konur, formaður er Þóra Halldórsdóttir, félagar eru 92
- Fjarskiptahópur, formaður er Sæmundur E. Þorsteinsson, félagar eru 38
- Öryggishópur, formaður er Svavar Ingi Hermannsson, félagar eru 42

4. ECDL/ICDL Skírteini

Á liðnu ári voru gefin út 95 ný hæfnisskírteini, en það er 36 skírteinum færri en árið á undan. Jafnframt útskrifðust 43 með fullgild ECDL-skírteini (e. European Computer Driving Licence). Prófmíðstöðvar eru nú þrjár talsins. Alls hafa verið seld 1176 skills cards og samtals hafa 856 útskrifast frá upphafi árið 2000. Ljóst er að til að fá frekari aukningu í þáttöku ECDL/ICDL prófanna þarf að

þýða nýja útgáfu. Einnig hefur sú breyting orðið á prófunum að nú er hægt að taka stök próf. Þá hefur verið að unnið að því á þessu ári að þýða ECDL-próf fyrir heilbrigðisþjónustu og er nú þessa dagana verið að fara yfir þá þýðingu og vonumst við til að hægt verði að taka prófin í gagnid á haustmánuðum.

5. Innlent samstarf

Skýrslutækni félagið er aðili að fagráði Staðlaráðs Íslands í upplýsingatækni, FUT, en á ekki lengur fulltrúa í stjórn fagráðsins. Þá hefur félagið tilnefnt fulltrúa í stjórn Persónuverndar, í samráðsnefnd forsætisráðuneytisins um þróun upplýsingasamfélagsins og í fjarskiptaráði samgönguráðuneytisins.

6. Erlent samstarf

Skýrslutækni félag Íslands hefur um margra ára skeið tekið þátt í evrópsku samstarfi upplýsingatækni félaga, bæði á vettvangi CEPIS (Council of European Professional Informatics Societies) og NDU (Nordisk Data Union). Sú samvinna hélt áfram á síðastliðnu ári, m.a. í tengslum við þróun ECDL og hefur framkvæmdastjóri sótt einn fund á ári á vegum ECDL-Foundation.

7. Afkoma félagsins

Í lok ársins 2008 er tap félagsins kr. 5.885.869

Lokaorð

Skýrslutækni félag Íslands er nú 40 ára og á sér bæði langa og farsæla sögu sem þverfaglegt félag þeirra sem vilja hagnýta sér eða hafa áhuga á upplýsingatækni. Félagið heldur ráðstefnur, gefur út blaðið Tölvumál, vinnur að þýðingu erlendra fagorða í upplýsingatækni yfir á íslensku, starfrækir faghópa og rekur skrifstofu að Engjateigi 9, þar sem að jafnaði starfa tveir starfsmenn. Óhætt er að fullyrða að félagið hefur haft umtalsverð áhrif á framþróun upplýsingatækninnar hér á landi. Starfsemin byggir að miklu leyti á ómældri sjálfböðavinnu stjórnarmanna, ritnefndar, orðanefndar og faghópa. Í félaginu starfar hæft fagfólk úr ýmsum greinum atvinnulífsins sem ekki telur eftir sér að undirbúa atburði félagsins, að ógleymdum fyrirlesurum sem sjaldnast krefjast greiðslu fyrir sitt framlag. Ég vil hér með þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag við að efla starfsemi félagsins.

Árið 2008 var ár breytinga hjá Skýrslutækni félaginu. Framkvæmdastjóraskipti urðu í félaginu á vordögum og kom til starfa Pálína Kristinsdóttir en hún tók við starfi Hólmsfríðar Arnarsdóttur og vil ég þakka Hólmsfríði fyrir vel unnin störf um leið og ég býð Pálínu velkomna til starfa. Félaginu var í lok árs 2007 sagt upp húsnæði sínu við Laugaveg 178 og var starfsemin flutt að Engjateigi 9. Húsnæðið er í eigu Verkfræðingafélags Íslands og hentar það vel fyrir starfsemi félagsins og er þar góð aðstaða til fundar- og ráðstefnuhalda. Í húsinu eru fyrir nokkur skyld félög, m.a. Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag verkfræðinga,

Tæknifræðingafélag Íslands, Kjarafélag tæknifræðinga, Arkitektafélag Íslands og Verkefnisstjórnunarfélagið. Skrifstofuhúsnæðið er á 2. hæð hússins ásamt aðgangi að 80-90 manna ráðstefnusal og fundarherbergjum af mismunandi stærðum.

Nú verður nokkur endurnýjun í stjórn félagsins. Tveir reynslumiklir stjórnarmenn hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Á hinn bóginn hefur nýtt og efnilegt stjórnarfólk gefið kost á sér til setu í stjórn félagsins og eru miklar væntingar bundnar við að með því komi nýjar hugmyndir og kraftur sem eftt geti félagið enn meira.

Ég vil nota tækifærið og þakka þeim Svönu Helen Björnsdóttur og Jóhanni Kristjánssyni gjaldkera sem nú hverfa úr stjórninni fyrir ánægjulegt og gott samstarf. Svana Helen hefur starfað í stjórn félagsins um 9 ára skeið, þar af 4 ár sem formaður á árunum 2004 – 2008 og sl. ár sem varamaður. Jóhann kom í stjórn félagsins árið 2004 og hefur starfað síðustu 3 árin sem gjaldkeri félagsins.

Kæru Svana og Jóhann, ég vil f.h. félagsins færa ykkur báðum okkar bestu þakkir fyrir ykkar framlag til félagsins og einnig mjög ánægjulegt og gott samstarf á liðnum árum.

F.h. stjórnar Skýrslutækni Íslands,
Magnús Hafliðason, formaður.

Skýrsla stjórnar – viðauki

Árið 2008 var 40. starfsár félagsins. Fullgildir félagsmenn voru 790 í lok starfsárs.

Stjórn

Aðalfundur var haldinn 12. febrúar 2008.

Í stjórn Skýrslutæknifélags Íslands sátu árið 2008-2009:

Magnús Hafliðason, Síminn hf., formaður

Sigrún Gunnarsdóttir, Velvakandi ehf., varaformaður

Ragnheiður H. Magnúsdóttir, meðstjórnandi og ritari

Ásrún Matthíasdóttir, Háskólinn í Reykjavík, meðstjórnandi

Bjarni Sigurðsson, Póst og fjarskiptastofnun, meðstjórnandi

Jón Heiðar Þorsteinsson, Kaupþing hf., meðstjórnandi

Jóhann Kristjánsson, Xirena ehf., varamaður og gjaldkeri

Svana Helen Björnsdóttir, Stiki ehf., varamaður

Haldnir hafa verið 12 hefðbundnir stjórnarfundir á starfsárinu, auk fjölda nefndarfunda sem stjórnarmenn hafa sótt.

Fjármál

Gjöld umfram tekjur á árinu 2008 voru kr. 5.885.869. Barði Ingvaldsson endurskoðandi hjá Deloitte hf. hefur aðstoðað við gerð ársreiknings Skýrslutæknifélagsins, en félagskjörnir endurskoðendur eru Jakob Sigurðsson og Sigurjón Pétursson.

Útgáfumál

Ritstjórn hélt 16 fundi á starfsárinu. Fjöldi smáfrétta voru birtar á vef félagsins sem eru endurnýjaðar nánast alla virka daga. Tölvumál voru gefin út í febrúar og í nóvember. Fyrri tölublaðið var að þessu sinni einstaklega veglegt í tilefni afmæli félagsins og 2. tölublaðið var helgað hagræðingu með aðstoð upplýsingatækninnar. Í blöðunum tveimur voru samtals 4 viðtöl, 37 greinar og 7 umfjallanir um faghópa.

Ritstjórn skipa:

Þorvarður Kári Ólafsson

Ágúst Valgeirsson

Ásrún Matthíasdóttir

Elín Gränz

Davíð Halldórsson

Nefndir

Orðanefnd:

Sigrún Helgadóttir, formaður

Baldur Jónsson

Þorsteinn Sæmundsson
Örn Kaldalóns

Siðanefnd:

Erla S. Árnadóttir, formaður
Snorri Agnarsson
Gunnar Linnet
Heimir Sigurðsson, varamaður

Fagráð í upplýsingatækni, fulltrúi Ský:

Eggert Ólafsson
Einar H. Reynis, varamaður

Stjórn Persónuverndar, fulltrúi Ský:

Magnús Hafliðason
Sigrún Gunnarsdóttir, varamaður

Nefnd forsætisráðuneytis um þróun upplýsingasamfélagsins, fulltrúi Ský:

Svana Helen Björnsdóttir

Fjarskiptaráð, fulltrúi Ský:

Sæmundur E. Þorsteinsson

Að auki hefur starfað fjöldi nefnda um einstök verkefni og voru haldnir 36 fundir vegna undirbúnings neðantaldra atburða.

Ráðstefnur og fundir

- Aðalfundur, haldinn 05. febrúar, þátttakendur 23.
- Hádegisverðarfundur, **Rekstraröryggi og stjórnun rekstrarsamfellu**, haldinn 19. feb, þátttakendur 75.
- Hádegisverðarfundur, **Ísland í fallsæti?, um rafræna opinbera þjónustu**, haldinn 4. mars., þátttakendur 104.
- Afmælishátíð, **Skýrslutækni­félagið fagnar fertugsafmæli sínu**, 28. mars. , þátttakendur um 500.
- Hálf­sdagsráðstefna, **Forskotið farið? Ráðstefna um stöðu UT-iðnaðar á Íslandi**, haldinn 22. apríl, þátttakendur 38.
- Hálf­sdagsráðstefna, **Netríkið Ísland, dagskrá UT dagsins**, haldin 7. maí, þátttakendur 164.
- Hálf­sdagsráðstefna, **Árangursrík vefstjórnun**, haldin 20. maí, þátttakendur 53.
- Hádegisverðarfundur, **Næstu kynslóðar net: Eru Íslendingar tilbúnir?**, haldinn 30. maí , þátttakendur 48.
- Hálf­sdagsráðstefna, **Lausnir til framtíðar - Ráðstefna um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu**, haldin 16. október, þátttakendur 48.
- Sýning Öldungadeildar Ský, opnuð 30. október,

- Örnámskeið, **CRM örnámskeið á leið heim úr vinnu!, haldið 6. nóvember, þátttakendur 23.**
- Hálf dagsráðstefna, Hugbúnaðarráðstefna, **Tími tækifæra – Hugbúnaður í nýsköpun**, haldin 20. nóvember, þátttakendur 32.

Aðrir fundir sem haldnir voru á vegum félagsins:

Fyrsti aðalfundur faghóps um fjarskiptamál, haldinn 21. febrúar, Morgunverðarfundur UT-kvenna, „Að vinna í skapandi tækniumhverfi – Störfín og verkefni – Vinnustaðurinn og félagslífið“, haldinn 27. febrúar Fræðslufundur Fókus um innleiðingu rafrænna lyfseðla, haldinn 22. apríl og mættu 60 manns.

Aðalfundur UT-kvenna 24. apríl sl.

Í húsnæði Læknafélagsins í Hlíðarsmára þann 22. maí var kynnt nýtt frumvarp til laga um sjúkraskrár og mættu 80 manns.

Aðalfundur Fókus var haldinn þann 16. október á Hótel Lofleiðum og mættu 56 manns

UT-konur „Eflum sköpunarkraftinn“ haldið 5. nóvember sl.

Þátttakendur á atburðum félagsins voru 1189 talsins og eru þá ekki taldir með, sem skoðuðu sýningu öldungardeildarinnar í Þjóðarbókhöðunni.

Starfsmenn félagsins á árinu 2008 voru Hólmfríður Arnardóttir framkvæmdastjóri til maí en þá tók Pálína Kristinsdóttir við starfi framkvæmdastjóra. Sóley Jensdóttir var á skrifstofu Ský til febrúar 2008 en við hennar starfi tók Guðbjörg Baldvina Karlsdóttir.